

Tillaga minnihluta 1

Að fresta umræðu og ákvörðun um tillögu bæjarstjóra um framlag til stúku við aðalvöll HK. Fyrirliggjandi tillaga bæjarstjóra er að ráðstafa til stúkubyggingarinnar 800 mkr. á árinu 2025, 800 mkr. árið 2026 og 400 mkr. árið 2027. Samtals 2.000 mkr. Til skýringar tillögunni: “Hefja framkvæmdir 2025. Kostnaðaráætlun og möguleg áfangaskipting í vinnslu.”

Greinargerð

Í sveitarstjórnarlögum er leiðarstefið að bæjarstjórn skuli sýna aðhald og gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og bæjarfulltrúar rækja störf sín af alúð og samviskusemi. Ávallt ber að huga að því að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna sé þannig hagað að Kópavogsbær geti til framtíðar sinnt **skyldubundnum** verkefnum sínum. Við ákvörðun um stórar fjárfestingar er leiðsögnin sú að gera skuli sérstakt mat á áhrifum þeirra á fjárhag bæjarins. Þetta eru grundvallarreglur sem allar sveitarstjórnir eru bundnar af og hafa engar heimildir til að umgangast af léttúð.

Fjármunum sveitarfélaga á að ráðstafa í samræmi við það hlutverk sem þau hafa. Þau verkefni, sem bæjarstjórn er skylt að sinna í þágu íbúa eiga að hafa forgang umfram þau sem eru valkvæð. Svigrúmi bæjarstjórnar til rækslu ólögbundinna verkefna á grundvelli pólitískrar stefnu eru sett mikilvæg takmörk. Af því að forgangsroðun á ætíð að vera í þágu skylduverkefna verður við mat á því hvort leggja eigi háar fjárhæðir í ólögbundin verkefni að liggja fyrir kostnaðaráætlun og forsendur hennar, áhrif á fjárhag sveitarfélagsins til lengri tíma og áhrif á rekstrarkostnað sé um hann að ræða. Í tilvikum þar sem fjárfestingu er skipt á fleiri en eitt tímabil á að líta á ákvörðunina í heild sinni.

Ekkert af þessu liggur fyrir í tillögu bæjarstjóra um að kasta sér til sunds í þessu stóra verkefni. Í greinargerð með fjárhagsáætluninni segir aðeins: **“Undirbúningi fyrir byggingu aðalvallar HK verður haldið áfram og stefnt að því að hefja framkvæmdir á árinu 2025.”** Fjármögnun er vísað til framtíðarinnar. Í greinargerð með fjárhagsáætluninni kemur fram. **“Samkvæmt áætlun er reiknað með að aðalsjóður taki í lok árs 2025 að láni 4.000 mkr. með vöxtum óverðtryggðra lána og gjalddaga eftir árið 2028.”** Byrðunum af þessum ákvörðunum á því að varpa á herðar þeirra sem taka við eftir þetta kjörtímabil, þegar verkefninu hefur verið hrundið úr vör og ekki verður snúið aftur.

Þetta mál er allsendis vanbúið til afgreiðslu í bæjarstjórn. Það er þó af þeirri stærðargráðu að enginn annar en bæjarstjórn getur tekið ákvörðun um það. Í umfjöllun í undirnefndum bæjarstjórnar hefur aðeins verið horft til skipulagstillagna frá starfshópi skipuðum fulltrúum hagsmunaaðilanna. Þær hugmyndir fela í sér svo mikið byggingarmagn í nágrenni íþróttamannvirkjana að ekki þótti fært að ræða málið fyrr en skipulagsdeild hefði farið nánar yfir það. Í umræðu í bæjarráði var gefið fyrirheit um að málið yrði lagt fyrir með kostnaðaráætlun, greiningu á áhrifum á fjárhag sveitarfélagsins til lengri tíma og áhrifum á rekstrarkostnað. Nú fáum við þær upplýsingar að slíkt sé í vinnslu en eftir sem áður eigum við að taka ákvörðun. Slík ákvörðun væri fullkomlega óábyrg og engin leið að líta svo á að bæjarstjórn hafi í höndunum fullnægjandi gögn og upplýsingar til að taka upplýsta ákvörðun. Við lítum svo á að það sé skylda allra bæjarfulltrúa að sameinast um að taka málið þá fyrst til umræðu og afgreiðslu þegar áhrif ákvörðunar hafa verið kortlögð og metin.

Tillaga 2

Að hefja án dráttar vinnu að deiliskipulagi fyrir þann hluta Kársness sem ekki hefur verið deiliskipulagður. Ljúka rammaskipulagi fyrir miðbæ Kópavogs og í framhaldinu deiliskipulagi fyrir Digranesið. Í fjárhagsáætlun 2025 verði x mkr. sérmerktar þessu viðfangsefni.

Greinargerð

Síðustu misserin hefur góður faglegur grunnur verið lagður deiliskipulagsgerð á Kársnesinu. Má þar nefna leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli, **Mannlíf, byggð og bæjarrými**, sem Skipulagsstofnun og Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins stóðu að sameiginlega, **Verkfærakistu fyrir þróun byggðar í Kópavogi**, leiðbeiningar um gæði byggðar og breytingar á húsnæði eða lóð, sem skipulagsdeild naut aðstoðar Alta við að gera og **Byggðakönnun Kársnes**, verkefni sem Anna María Bogadóttir arkitekt vann fyrir umhverfissvið Kópavogsbæjar og styrkt var af Húsfriðunarsjóði. Síðast en ekki síst ber að nefna **rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæðið á vestanverðu Kársnesi**. Þar er vinnslutillaga á lokametrunum. Með þessari vönduðu undirbúningsvinnu er ekkert að vanbúnaði að vinna deiliskipulag fyrir Kársnesið í heild. Það felur í sér ákvarðanir um varðveislugildi svipmóts byggðarinnar, byggðamynstur, þ.m.t. nýtingarhlutfall og útlit mannvirkja og form vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa. Í deiliskipulagi felst mikið réttaröryggi fyrir íbúa og fyrirsjáanleiki um þróun næsta nágrennis. Sú hættu fylgir, þegar veitt er eitt byggingarleyfi í einu, án þess að fyrir liggi deiliskipulag, að tvö eða fleiri byggingarleyfi á reit hafi í för með sér verulegar breytingar á byggðamynstri reitsins enda þótt hvert byggingarleyfi eitt og sér hafi ekki slík áhrif. Þegar svo stendur á þróast byggð ekki í samræmi við heildstæða og samþætta stefnumörkun í formi deiliskipulags, sem grundvalla ber á fjölmörgum lögmæltum sjónarmiðum, auk þess sem íbúar hlutaðeigandi hverfis eru sviptir lögboðnum rétti sínum til þess að fá færi á því að koma að sjónarmiðum sínum og hafa áhrif við gerð deiliskipulags. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur komist að þeirri niðurstöðu að slík byggðapróun verði að teljast í andstöðu við markmið skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Með gerð deiliskipulags verður horfið frá því verklagi að skipulagsyfirlönd taki ákvarðanir um framkvæmdir á einstökum lóðum án þess að fyrir liggi sú heildstæða sýn á þróun byggðar sem felst í deiliskipulagi. Í deiliskipulagsvinnu verður jafnframt unnt að hafa til hliðsjónar skilaboðin úr Byggðakönnuninni um aukna áherslu á umhverfis- og varðveislugildi byggða og bygginga í ljósi kolefnis sem bundið er í byggingum. Á dagskrá bæjarstjórnar 9. apríl sl. var til afgreiðslu tillaga minnihlutans um að hefja undirbúning að rammahluta aðalskipulags fyrir miðbæ Kópavogs. Í umræðum og bókunum kom fram hjá fulltrúum meirihlutans að tillögur um forgangsöröðun verkefna ættu heima í umræðu um fjárhagsáætlun. Minnihlutanum í bæjarráði hefur ekkert færi verið gefið á að taka þátt í forgangsöröðun í fjárhagsáætlun fyrir 2025, sem þó er verkefni bæjarráðs. Því hlýtur minnihlutinn sameinaður að leggja til að skipulagsdeildinni verði ætlaðir fullnægjandi fjármunir til að ljúka deiliskipulagi fyrir Kársnesið og gerð rammahluta miðbæjarins og deiliskipulags fyrir Digranesið. Minnt er á að umræðunni um miðbæjarskipulagið í bæjarstjórn 9. apríl á þessu ári lyktaði með því að samþykkt var breytingartillaga meirihlutans: **“að hafinn verði undirbúningur að gerð áætlunar og heildstæðrar stefnu um þróun miðbæjar Kópavogs. Kostir og gallar ólíkra leiða verði skoðaðar. Svæðið afmarkast af Borgarholti til vesturs, Vallartröð til austurs, Digranesvegi og Borgarholtsbraut til suðurs og Hamraborg til norðurs. Markmiðið er að festa heildarsýn og tengingar fyrir miðbæjarsvæði Kópavogs í sessi í samráði við íbúa og aðra hagaðila.”**

Tillaga 3

Að afla sérfræðiúttektar á embætti byggingarfulltrúa og tillagna um hvernig styrkja má embættið til að gegna sínu veigamikla, lögbundna hlutverki.

Greinargerð:

Umhverfis- og auðlindanefnd kvað upp úrskurð 25. september sl. Eftirfarandi kom fram: **“Hlutverk byggingarfulltrúa hvers sveitarfélags er að hafa eftirlit með því að mannvirki og notkun þeirra sé í samræmi við útgefin leyfi og beita eftir atvikum þvingunarúrræðum, sbr. 55. og 56. gr. laga nr. 160/2010. Er nánar kveðið á um það í 2. mgr. 55. gr. laganna að sé byggingarframkvæmd hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni eða hún brjóti í bága við skipulag geti byggingarfulltrúi krafist þess að hið ólöglega mannvirki eða byggingarhluti sé fjarlægð. Þá er fjallað um aðgerðir til að knýja fram úrbætur í 56. gr. laganna. Er þar m.a. tekið fram í 1. mgr. ákvæðisins að sé ásigkomulagi, frágangi, umhverfi eða viðhaldi húss, annars mannvirkis eða lóðar ábótavant að mati byggingarfulltrúa eða frágangur ekki samkvæmt samþykktum uppdráttum, lögum, reglugerðum eða byggingarlýsingu skuli gera eiganda eða umráðamanni eignarinnar aðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt er.”** Byggingarfulltrúi gegnir ákaflega mikilvægu öryggishlutverki, verði eldsvoði getur t.d. skipt sköpum að rétt teikning að liggi fyrir og frágangur byggingar sé rétt skráður. Hlutverk byggingarfulltrúa er ekki síður að tryggja yfirbragð og þróun byggðar og bregðast við fyrir hönd íbúa þegar framkvæmdir eru ekki í samræmi við leyfi og viðhaldi eða umgengi lóðar er áfátt. Hlutverk byggingarfulltrúa þarf að njóta virðingar, hjá bæjarstjórn, framkvæmdaraðilum og íbúum. Fjölmargar staðfestingar eru á því að embættið sé vanhaldið í fjárveitingum. Bæjarstjórn verður að standa staðföst að baki þessu áhrifamikla embætti og veita því afl til að gegna skyldum sínum. Fyrsta skrefið er að fela óháðum sérfræðingi úttekt á stöðunni og taka í framhaldi þess afstöðu til tillagna sem fram koma um hvernig má styrkja það.

Tillaga 4

Að tryggja nægilega, sérgreinda fjármuni til að fylgja eftir endurskoðun á bæjarmálasamþykkt og nefndakerfi bæjarins. Vel skipulögð og fagleg innleiðing er forsenda þess að allir hlutaðeigandi tileinki sér nýja og lýðræðislega stjórnarhætti með skýrri ábyrgð og hlutverkum.

Greinargerð

Ýmis nýleg dæmi eru um sérfræðivinnu sem ætlað var að leiða til mikilla umbóta í stjórn Kópavogsbæjar. Má þar m.a. nefna stefnumiðaða fjárhagsáætlunargerð, vottað gæðakerfi og heimsmarkmið sem hríslast áttu inn í verklag. Eftir skil á úttektum, skýrslum og tillögum hefur afraksturinn ekki verið sá sem að var stefnt. Breytingastjórnunin hefur brugðist og vinnubrögð, verklag og verkferlar, ekki breyst í samræmi við markmið. Það er ábyrgðarhluti að stofna til útgjalda og leggja mikla vinnu á fjölda fólks án þess að tryggja fjármuni til innleiðingar og eftirfylgni sem þarf til að breytingastjórnunin skili þeim árangri sem lagt var upp með.

Tillaga 5

Að endurskoða skipulag dagskrár bæjarstjórnarfunda, þannig að einstök mál séu rædd í samfellu. Með skipulagðri umfjöllun um mál á dagskrá bæjarstjórnarfunda verða

skoðanaskipti milli bæjarfulltrúa markvissari og auðveldara að fylgjast með umræðu. Bæjarstjórnarfundir eiga að vera opin gátt íbúa til að kynnst störfum og ákvörðunum bæjarstjórnar. Því er lagt til að leggja nauðsynlega fjármuni til upplýsingatækni til að gera íbúum aðgengilegt að fylgjast með umræðu og afgreiðslu einstakra mála, sem þeir hafa áhuga á.

Greinargerð

Á bæjarstjórnarfundum sinna bæjarfulltrúar sínu lýðræðislega umboði fyrir opnum tjöldum en flestir aðrir fundir eru lokaðir öðrum en kjörnum fulltrúum og starfsfólki. Bæjarstjórn er vettvangur til að skiptast á skoðunum, þegar mál koma til lokaafgreiðslu, og gera þar grein fyrir afstöðu sinni og atkvæði. Það á að gera fyrir “opnum dyrum” en staðreyndin er sú að nú á tímum gera fáir utanaðkomandi sér ferð á bæjarstjórnarfund. Leið íbúa til að kynna sér þennan eina opna vettvang bæjarfulltrúa er gegnum streymi á tölvuskjánum. Þegar endurskoðun á uppröðun mála og skipulagi dagskrár bæjarstjórnarfunda er lokið þarf að ætla fjármuni til uppfærslu upplýsingatækni, og gera íbúum þannig kleift að fylgjast með því sem þeir óska, m.a. að kalla fram umræður um einstök mál frá upphafi til enda. Í þessu viðfangsefni má leita fyrirmynda hjá öðrum sveitarfélögum t.d. Akureyri.

Tillaga 6 um málefni ÍSAT nemenda

Ráðnir verði a.m.k. tveir ÍSAT farkennarar til stuðnings við lestrarkennslu barna með erlendan bakgrunn á yngsta stigi. Starfsfólki skóla með erlendan bakgrunn verði boðið upp á íslenskunámskeið og foreldrum barna með erlendan bakgrunn upp á námskeið í íslensku með áherslu á skólatungumálið. Tryggja að öll börn með erlendan bakgrunn fái aðstoð við heimanám eftir skóla.

Greinargerð:

Í síðustu skýrslu um stuðning við nemendur með annað móðurmál en íslensku kemur fram að í grunnskólum Kópavogs eru 718 nemendur sem falla í þennan hóp. Það jafngildir um 16 % af heildafjölda nemenda, og hefur hlutdeild þeirra vaxið mikið undanfarin ár.

Skv. skýrslunni var „millimála próf“ lagt fyrir fjóra árganga. Það hefur verið gert frá skólaárinu 2019/20. Í rauðan flokk prófsins falla börn sem eru með slakan orðaforða í íslensku og lakari en nauðsynlegt er til að skilja það sem fram fer í skólanum og til þess að vinna þau verkefni sem lögð eru fyrir þau. Hlutfallslega falla flest börn sem eru prófuð í þennan flokk. Uppfærð tala bendir til þess að það gætu verið um 430 börn sem falla í þennan flokk. Í skýrslunni kemur fram að eftir því sem nemendur eru eldri því slakar eru þeir á prófinu – yfir 70% á rauðu í 9 bekk. Ljóst er að ástandið hefur ekki batnað frá fyrri mælingum. Það er stuttur tími til að bæta úr þessari alvarlegu stöðu fyrir elsta hópinn.

Í skýrslunni segir að leggja verði meiri áherslu á íslenskukennslu. Ekki er tíundað til hvaða frekari aðgerða er hægt að grípa. Það liggur þó í loftinu að fjölga þurfi kennslustundum í íslensku fyrir þennan hóp og styrkja og efla tengslin við fjölskyldur nemenda svo þau fái nægjanlegan stuðning og aðstoð heima. Þekking og reynsla á þessum málum fer vaxandi. Frekari aðgerðir koma ekki til framkvæmda nema til þeirra sé veitt frekari fjármagi.

Þetta ástand þýðir aukið álag á kennara sem var nóg fyrir. Með þessari tillögu er einnig verið að horfa til kröfu kennara um betra vinnuumhverfi í yfirstandandi kjarasamningum.

Samskipti við foreldra sem ekki tala íslensku eru kennurum erfið og námskeið í orðaforða skólaumhverfisins geta hjálpað mikið þar.

Starfsmenn skóla með erlendan bakgrunn þurfa á sama hátt að geta tjáð sig við samstarfsfólk og börnin, sérstaklega um það sem snýr að skólaumhverfinu.

Viðbótar 15 milljónir til málaflokksins hrökkva skammt m.v. hversu langt við eigum í land með góða grunnkennslu í íslensku fyrir börn af erlendum uppruna.

Tillaga 7 - Úrræði fyrir heimilislausa með flóknar þjónustuparfir

Fylgja eftir tillögum verkefnastjóra samstarfsverkefnis Kópavogsbæjar, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness um málaflokk heimilislausra. Tryggja framboð á húsnæði samkvæmt hugmyndafræði *Housing First (húsnæði fyrst: HF)*. Koma á fót sameiginlegu vettvangs- og ráðgjafarteymi að fyrirmynd Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar sem aðstoðar heimilislausa einstaklinga sem hafa fengið úthlutað húsnæði sem og einstaklinga sem hvergi hafa höfði sínu að halla að næturlagi eða búa við ótryggar húsnæðisaðstæður.

Greinargerð:

Húsnæði er grunnþörf sem þarf að tryggja áður en leyst er úr öðrum vanda einstaklinga. Hugmyndafræðin „Húsnæði fyrst“ byggir á því að tryggja heimilislausu fólki húsnæði án strangra skilyrða, svo sem um edrúmennsku. Þessi aðferð hefur reynst vel í baráttunni gegn heimilisleysi í löndum sem hafa innleitt hana.

Lög kveða á um að sveitarfélög skuli veita íbúum þjónustu og aðstoð til að tryggja að þeir geti séð fyrir sér og sínum. Sveitarfélög bera ábyrgð á að aðstoða íbúa við að leysa húsnæðisvanda, bæði með bráðabirgðalausnum og varanlegum úrræðum. Þá skulu þau sérstaklega styðja einstaklinga með fíknivanda og tryggja framboð á hentugu húsnæði fyrir alla hópa.

Samkvæmt lögum ber sveitarfélögum að útbúa húsnæðisáætlanir byggðar á greiningum um mismunandi búsetuform og þörfum íbúa. Þrátt fyrir sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga þurfa þau að uppfylla þær skyldur sem lög kveða á um í tengslum við félagsþjónustu og húsnæðismál, með heildstæðum lausnum fyrir einstaklinga með flókinn vanda.

Málsmeðferð:

Við flutningsmenn þeirra tillagna sem ég hef hér farið yfir vísum því til bæjarstjóra að milli umræðna verði reiknaður út verðmiði á hverja einstaka tillögu okkar. Sá útreikningur þarf að liggja fyrir í tæka tíð fyrir síðari umræðu. Okkar sannfæring er sú að með því að bæjarstjórn hafni fyrirbyggjandi tillögu um 800 mkr. útgjöld næsta ár til stúku fyrir HK og 1.200 mkr. næstu tvö ár á eftir, sparist í vaxta og fjármagnskostnaði mun hærri fjárhæð en þarf að leggja í þau framtíðar- og framfaraverkefni sem við leggjum til.

Helga Jónsdóttir
Sigurbjörg Erla Egilsdóttir
Theódóra S. Þorsteinsdóttir
Thelma Bergmann Árnadóttir
Bergljót Kristinsdóttir

